

Alþingi,
Umhverfis og samgöngunefnd.
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 29. október 2018

Vísað er til beiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, um umsögn að tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019 - 2023 , 172. mál, 149. þing.

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið þann 5. og 6. október, samþykkti eftirfarandi ályktanir sem varða samgöngumál.

Stefna

Meginmarkmið í samgöngumálum á Vestfjörðum hafa verið nær óbreytt í 20 ár. Heilsárstengingar með vegum, jarðgöngum og þverunum fjarða innan þjónustusvæða, milli þjónustusvæða og við aðra landshluta. Stefnan var síðust endurskoðuð í ágúst 2017 með aðild allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og staðfest af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Ályktun

Þing Fjórðungssambandsins krefst þess að stjórnvöld standi við fyrirheit um að samgöngubætur á Vestfjörðum verði í forgangi í samgönguáætlun til skemmri og lengri tíma litið. Samfélag Vestfjarða líður fyrir það að vegir eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gerist í nútímasamfélagi.

Brýnustu úrlausnarefnin í vegagerð á Vestfjörðum 2018-2023 eru:

- Að vegagerð um Gufudalssveit á Vestfjarðavegi 60 verði boðin út án frekari tafa.
- Boðin verði út vegagerð um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg haustið 2019.
- Boðin verði út vegagerð um Veiðileysuháls vorið 2019.
- Staðið verði við útboð um endurlagningu stofnvega Djúpvegar 61 í Hestfirði, Seyðisfirði og Álftarfirði haustið 2018.
- Boðin verði út endurlagning og breikkun á innstrandavegi 68 í Strandabyggð, sumarið 2019.
- Unnið verði markvisst að fækkun einbreiðra brúa á stofnvegum á Vestfjörðum.
- Að Álftafjarðgöng milli Ísafjarðar og Súðavíkur verði sett á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum

Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningssamgöngur

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægt er að flug sé raunverulegur valkostur fyrir ferðir íbúa. Fjórðungsþing hvetur ríkið til að

til að gera flug að þeim hagkvæma kosti sem það ætti að vera til að nýtast almenningi. Til dæmis samkvæmt svokallaðri skoskri leið. Þess er vænst að flogið verði til Bíldudals daglega og að minnsta kosti einu sinni í viku verði tvö flug.

Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Þess er krafist að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkurflogvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar.

Fjórðungsþing styður þingsályktunartillögu þingmanna NV kjördæmis um staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum. Bent er á stækkun þjónustusvæðis slíks flugvallar með tilkomu Dýrafjarðarganga og nýs vegar um Dynjandisheiði. Nýr flugvöllur er mikilvæg forsenda fyrir frekari atvinnuuppbyggingu í landshlutanum.

Almenningssamgöngur

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 hvetur stjórnvöld til að skoða nýjar lausnir í almenningssamgöngum við endurskoðun samninga við landshlutasamtök sem farið verður í á árinu 2019 til að hægt sé tryggja rekstur slíkrar þjónustu í okkar víðfeðma landi.

Haustþing krefst þess að á árinu 2019 verði framlög til reksturs almenningssamgangna á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga hækkuð verulega til að tryggja, í samvinnu við sveitarfélög, að almenningssamgöngur innan vinnusóknarsvæða verði með nægri tíðni ferða til að nýtast sem raunhæfur valkostur fyrir íbúa og gesti.

Haustþing minnir á að flug er almenningssamgöngur Vestfirðinga og hvetur stjórnvöld til að leita leiða til að gera flug að þeim hagkvæma kosti sem það ætti að vera til að nýtast almenningi.

Umfjöllun samgöngu og fjarskiptanefndar FV.

Samgöngu og fjarskiptanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga fjallaði um þingsályktun til samgönguáætlunar 2019-2023 á fundi þann 22. október s.l.. Niðurstaða nefndarinnar er sem hér segir.

Vegamál. Samgöngu og fjarskiptanefnd tekur undir ályktun 3. Haustþings FV og krefst aukins fjármagns til samgönguverkefna á tímabilinu 2019-2023, þannig flýta megi framkvæmd þeirra og áréttar verkefni sem hér segir;

- **Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur** vegna umfangsmikillar uppbyggingar atvinnulífs við Arnarfjörð og Tálknafjörð auk þess að létta álagi á vegi um Mikladal og Kleifaheiði. Einnig mikilvægt til að nýta sem fyrst þá miklu fjárfestingu sem liggur í Dýrafjarðargöngum. Auka þarf fjárveitingu á áætlunartímabilinu úr 1.800 mkr í 9.700 mkr.

- **Veiðileysuháls** Árneshreppur er án landsamgangna hluta úr ári og er það stór þáttur í þeirri fólksfækkun sem sveitarfélagið er að glíma við, og ljóst má vera að byggð mun að óbreyttu að leggjast af. Auka fjárveitingu á áætlunartímabilinu úr 400 mkr í 700 mkr. Ákvörðun um frekari frestun þessara framkvæmda er ákvörðun um að leggja svæðið í eyði.
- **Innstrandavegur.** Mikilvæg samgönguæð fyrir þjónustu, atvinnu og skólaakstur innan Strandabyggðar. Var á samgönguráætlun 2011-2022, en framkvæmdi hefur nú verið strikuð út í samgönguáætlun 2019-2033 sem sértakt verkefni. Auka þarf fjárveitingu úr 0 mkr í 300 mkr
- Fækkun **einbreiðra brúa** verði sem sérstakt tímasett verkefni. Alls eru um 60 einbreiðar brýr á stofnvegum á Vestfjörðum. hluti þeirra mun hverfa við endurbyggingu vega sem eru áætlun s.s. Dynjandisheiði og Bíldudalsveg, en eftir standa um 10 einbreiðar brýr sem ekki geta til lengdar tekið við auknum þungaflutningum. Kostnaður hefur ekki verið metinn.
- **Viðhald vega og vetrarþjónusta** verði efl. Hringvegur 2 krefst heilsársþjónustu og hækka þarf þjónustustig á Strandavegi í Kaldrananeshreppi og Árneshreppi. Kostnaður ekki metin.
- Lokið verði við rannsóknum á **staðsetningu munna Álftafjarðarganga** í Álftafirði og Skutulsfirði sem lið í undirbúningi að gerð jarðganga. Kostnaður ekki metin.

Samtals þarf að auka fjárveitingar úr 2.200 mkr í 10.700 mkr.

Flugmál

Samgöngu og fjarskiptanefnd tekur undir ályktun 3. Haustþings FV og krefst aukins fjármagns til samgönguverkefna á tímabilinu 2019-2023, þannig flýta megi framkvæmd þeirra og áréttar verkefnin sem hér segir.

Slitlag á **bílastæði við Ísafjarðarflugvöll, tækjageymslu á Bíldudalsflugvöll.** Auka fjárveitingu úr 290 mkr í 390 mkr.

Fjölga ríkisstyrktum áætlunarferðum milli Bíldudals og Reykjavíkur úr 6 í 8. Auka fjárveitingu úr 100 mkr í 130 mkr.

Hraða rannsóknum á **nýju flugvallarstæði** á Vestfjörðum. Auka fjárveitingu um 30 mkr.

Stofnað verði til starfshóps samgönguráðherra um **hlutverk og framtíð annarra flugvalla en millilandaflugvalla í grunnneti.**

Veita styrki til **niðurgreiðslu flugfargjalda til íbúa** með lögheimili á tilteknum svæðum svokölluð **Skoska leiðin.** Auka fjárveitingu um 100 mkr (Vestfirðir eingöngu)

Samtals þarf að auka fjárveitingu í tilgreindum verkefnum úr 390 mkr í 520 mkr

Hafnarmál

Samgöngu og fjarskiptanefnd tekur undir ályktun 3. Haustþings FV og krefst aukins fjármagns til samgönguverkefna á tímabilinu 2019-2023, þannig flýta megi framkvæmd þeirra og áréttar verkefnin sem hér segir.

Flýta þarf framkvæmd við **Sundabakka á Ísafirði**. Hækka framlag úr 423 mkr í 800 mkr. Mikilvægt vegna mikillar aukningar skemmtiferðaskipa og fyrirhugaðar uppbyggingar við hafnarsvæðið.

Bíldudalshöfn. Endurbætur á stálþili. Gera kantinn að einum hafnarkanti. Mjög mikilvægt vegna mikillar aukningar á umsvifum á höfninni og aukinnar tíðni á flutningaskipum.

Súðavíkurhöfn, Langeyri, nýframkvæmd, komið á reksþöl. Gríðarlega mikilvægt vegna uppbyggingar á verksmiðju til vinnslu afurða úr kalkþörungasetlegum í Ísafjarðardjúpi.

Hólmavíkurhöfn, ljúka við endurnýjun stálþils. Sá hluti sem stendur eftir, er orðin varasamur yrir skip og menn.

Samtals auka fjárveitingu í tilgreindum verkefnum úr 423 mkr í 800 mkr.

Almenningssamgöngur. Auka þarf við fjárveitingu til almenningssamgangna í fjárlögum 2019, um 250 mkr, til að dekkja tap af rekstri á landsvísu frá því verkefnið hófst 2012. Jafnframt að tryggja fjármagn til að mæta væntum taprekstri á árinu 2019. Framlenging samnings FV við Vegagerðina á árinu 2019 verði skilyrtur við aukið framlag til þróunarverkefna, 15 til 18 mkr.

Nefndin mun fjalla um markmið samgönguáætlunar í umsögn sinni um þingsályktun um samgönguáætlun 2019-2033. En hér verður lagt til við umsögnina viðbótarskýringar, mat á samfélags og efnahagslegum áhrifum á flýtingu framkvæmda

Efnahags og samfélagsleg áhrif.

Ferðaþjónusta. Flýting framkvæmda er meginforsenda til að tryggja áform um heilsársferðaþjónustu með Hringvegi 2 (Vestfjarðavegi 60, Djúpvegi 61 og Innstrandavegi 68) og þar með auknar tekjur í ferðaþjónustu.

Fiskeldi. Uppbygging laxeldis í Dýrafirði er hafin og stefnir í að fullnýta ramma fiskeldisins eða allt 10 þús t með uppbyggingu á næstu 5 árum. Hið sama gildir um nýtingu 40 þús t ramma fiskeldis í Patreksfirði, Tálknafirði og Arnarfirði en um 15 þús t eru nýtt þar í dag.

Uppbygging Dynjandisheiðar, Bíldudalsvegur og Dýrafjarðargangna er lykilorð í að ná fram áformum um nýtingu 50 þús t ramma laxeldis (burðarþöl og erfðablöndun) sem liggur fyrir í dag. Eykur til muna hagkvæmni við flutninga á hráefna, tækja og afurða og síðan þjónustu og atvinnusókn á sunnan og norðanverðum Vestfjörðum. Nánar tiltekið, þá er fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum að meginþunga með starfsemi í Arnarfirði þ.e. slátrun og úrvinnsla. Öll þungaumferð fer í dag um Hálfmán, Mikladal og Kleifaheiði og hefur vegur um Mikladal auk einbreiðar brúar í botni Tálknafjarðar látið mjög á sjá og fljótt getur orðið að grípa þurfi til bráðaaðgerða. Það léttir einnig á flutningum að geta fækkað fjallvegum úr

þremur í einn með akstri um Bíldudalsveg. Dýrafjarðargöng eru síðan á sama hátt lykilþáttur fyrir uppbyggingu eldis í Dýrafirði.

Orkumál. Vegur um Veiðileysuháls er lykilþáttur í að stytta það tímabil ársins þar sem landvegur er lokaður norður í Árneshrepp (janúar - mars) og bæta þar með búsetukosti. Virkjun Hvalár í Ófeigsfirði og uppbygging flutningsnets raforku mun á framkvæmdatíma 2020 – 2024 auka umsvif í Árneshreppi og efla byggð a.m.k. tímabundið. Augljóst að endurbygging vegar um Veiðileysuháls er til að auka hagkvæmni við alla aðdrætti m.t.t. lengri opnunartíma og minni þungatakmörkun.

Kalkþörungar. Með fyrirmynd af nýtingu kalkþörungasetlaga í Arnarfirði með verksmiðju á Bíldudal, fyrirhugar Íslenska kalkþörungafélagið á grundvelli ítarlegra rannsókna og gerð umhverfismats, á vinnslu kalkþörungasetlaga úr Ísafjarðardjúpi með verksmiðju í Súðavík.

Samantekt.

	Tekjur í upphafi og lok tímabils (milljarðar). Tekjur að hluta metnar á tölum frá árinu 2016	Ársverk í upphafi og lok tímabils	Arðgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga í upphafi og lok tímabils
Sjávarútvegur	32.000 mkr (2018) og 32.000 mkr (2023)	1000 / 900	Gögn ekki fyrirbyggjandi. veiðigjald er 900 mkr 2018
Fiskeldi	15.000 mkr (2018) og 42.000 mkr (2023)	200 / 750	800 / 2.275
Ferðaþjónusta (auk verslunar, samgangna o.fl)	3.500 mkr (2019) og 7.000 mkr (2023)	1000/1300	Gögn ekki fyrirbyggjandi
Kalkþörungar	0 mkr / 1.900 mkr	0 / 30	65 mkr
Samtals	50.500 mkr (2018- /19) og 83.000 mkr (2023)	2200 / 3780	Að lágmarki aukning um 1.500 mkr

Verði laxeldi í Ísafjarðardjúpi heimilað í upphafi áætlunartímabilsins þá gæti það komið inn undir lok tímabilsins og til lengri tíma litið með um 50 % aukningu á tekjur,störf og skatta.

Fjárfesting í innviðum á Vestfjörðum, sem hér er gerð tillaga um að auka í tilgreindum verkefnum úr 3.000 mkr í 12.050 mkr á tímabilinu mun skila sér hratt inn í samfélag og efnahag í nærsamfélaginu. Tekjur ríkissjóðs munu einnig aukast um fleiri milljarða á ári til lengri tíma litið og flýting framkvæmda mun einnig skila auknum tekjum strax á áætlunartímabilinu. Og rétt er að áréttu að lokum að vaxtarsprotar í uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum njóta ekki sértækra ívilnana stjórnvalda.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.